



Leikskólinn og ættleidd börn

Diljá Agnarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Leikskólinn og ættleidd börn

Diljá Agnarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræði
Leiðsögukennari: Hanna Ragnarsdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Leikskólinn og ættleidd börn.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2013 Diljá Agnarsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um leikskóladvöl barna sem ættleidd hafa verið til Íslands erlendis frá og hvaða þætti í aðlögun og starfi leikskóla beri að leggja áherslu á. Þá er skoðað hvaða gildi barnabókmenntir geta haft í leikskólastarfinu fyrir þennan fjölbreytta hóp barna. Margar rannsóknir hafa verið gerðar um hagi og þroska ættleiddra barna og hér er reynt að draga saman einhverja af þeim fjölmörgu þáttum er lúta að fyrstu kynnum barnanna að skólakerfinu eftir ættleiðingu. Farið er yfir hvað felst í ættleiðingu barna á milli landa og hvaða stuðningur er í boði fyrir kjörforeldra fyrir og eftir ættleiðinguna. Góð tengslamyndun barnsins við kjörforeldra og samstarf foreldra og leikskólakennara er mikilvægur grunnur að farsælli aðlögun barnsins og foreldra þess að leikskólanum. Börnin eru misjafnlega stödd í þroska við ættleiðinguna en búa yfir mikilli aðlögunarhæfni og eru fljót að ná jafnöldrum sínum í málþroska sem og almennum þroska. Barnabækur eru góð leið til að styðja við þroska barnanna og ættu leikskólar að hafa bókaskost sinn fjölbreyttan og gera ættleiðingarferlinu skil með vönduðum bókum um málefnið. Leikskólar á Íslandi mættu vera betur í stakk búnir til að huga sérstaklega að málefnum ættleiddra barna t.d. með útgáfu á fræðsluefnin fyrir kennara.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Efnisyfirlit.....	4
Formáli.....	5
Inngangur.....	6
Almennt um ættleiðingar	7
Hvað er ættleiðing?	7
Stjúp- og frumættleiðingar.....	7
Stuðningsnet og ættleiðingarferli	8
Félagið Íslensk ættleiðing	9
Uppruni og tengslamyndun	10
Tengslamyndun barns og foreldra	10
Leikskólinn og námsumhverfi	11
Samstarf leikskóla og foreldra	12
Aðlögun barna í leikskólanum	13
Aðlögunarform	14
Þroski ættleiddra barna	15
Málþroski og málörvun	16
Máltaka ættleiddra barna	18
Barnabækur	20
Umræður og lokaorð	22
Heimildaskrá	24

Formáli

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Siðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 20.maí 2013

Inngangur

Fyrir nokkrum áratugum var íslenskt samfélag nokkuð einsleitt og fjölskyldur, samsettar voru úr einstaklingum af mismunandi þjóðerni voru óalgeng sjón á Íslandi. Upp úr árinu 1990 tók íslenskt samfélag þó að taka breytingum og í dag hefur fjöldi fólks af erlendum uppruna sem hér býr aukist gífurlega. Frá árinu 2003 til ársins 2013 jókst til dæmis fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi úr 3,5% í 6,7% landsmanna (Hagstofa Íslands, 2013a).

Í takt við þessa fjölgun hefur umfjöllunin um fjölmenningu aukist jafnt og þétt á undanförnum tíu árum, almennt í samféluginu sem og innan skólakerfisins. Þjónusta við innflytjendur í skólakerfinu er orðin nokkuð góð og er Reykjavíkurborg t.d. með sérstakar áætlanir fyrir leikskólakennara sem fara ber eftir þegar barn af erlendum uppruna hefur leikskólagöngu sína á vef sínum ([http://www.reykjavik.is/DesktopDefault.aspx/tqid-2712/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tqid-2712/)). Þá er boðið upp á túlkaþjónustu og tilbúin skilaboð á ýmsum tungumálum til að verða við þörfum þessa sívaxandi hóps nýrra Íslendinga.

Umræðan um tiltekinn hóp innfluttra barna fer ekki jafn hátt, en það eru börn sem eru ættleidd af íslenskum fjölskyldum frá öðrum menningarsvæðum. Þessi börn eru oftar en ekki enn að ná tökum á nýju móðurmáli og hafa gengið í gegnum aðskilnað við heimalandið og umönnunaraðila (Carli og Dalen, 2003). Á meðan almennur stuðningur við innflytjendur er því að aukast hefur til dæmis engin sérstök aðgerðaráætlun verið undirbúin fyrir leikskólakennara til að auðvelda leikskólagöngu- og nám ættleiddra barna. Fellur það því oft í garð foreldra þeirra að kynna leikskólakennara barnsins fyrir aðstæðum þess og sérstöðu (Ættleiðing.is, e.d.).

Eftir að aukin fjárlög frá ríkinu voru samþykkt til ættleiðinga eru líkur á að ættleiddum börnum muni fara fjölgandi á komandi árum. Árið 2013 voru fjárlög til félagsins Íslenskrar ættleiðingar (sem hefur milligöngu með allar ættleiðingar erlendis frá) hækkuð úr rúmlega 9 milljónum króna í 34 milljónir (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2013). Í ljósi þess er áríðandi að hafist sé handa við að gera

málefnum ættleiddra barna hærra undir höfði og að skerpa á fræðslu fyrir leikskólakennara sem koma til með að vinna með ættleiddum börnum.

Í þessari ritgerð er leitast við að skoða það námsuhverfi sem ættleidd börn alast upp í og reynum að svara eftifarandi spurningum: (a) *að hverju þarf að huga í leikskólagöngu ættleiddra barna?* og (b) *hvaða þætti í leikskólastarfi þyrfti að leggja áherslu á?* og (c) *hvert er gildi barnabókmennta fyrir ættleidd börn í leikskólastarfi?*

Áður en hægt er að hefjast handa við að svara þeim spurningum sem lagðar eru fram er mikilvægt að farið sé yfir ættleiðingarferlið og skilgreiningar á lagalegum- og fræðilegum hugtökum. Þar á eftir er fjallað um stuðningsnet ættleiðinga og hvernig það styður við skólakerfi og foreldra (þar er félagið Íslensk ættleiðing í forystuhlutverki). Þar á eftir skoðum við börn, foreldra; uppruna þeirra, tengslamyndanir og helstu þætti sem geta haft áhrif á líðan og þroska ættleiddra barna.

Almennt um ættleiðingar

Hvað er ættleiðing?

Í lögum um ættleiðingar (nr. 30/1999) er ættleiðing skilgreind sem það ferli sem á sér stað þegar barn er fært til frambúðar í umönnun lögráða aðila eða aðilum sem ekki eru líffræðilegir foreldrar barnsins (einnig nefnd kjörforeldrar). Þegar slíkt á sér stað samþykkir kjörforeldri einnig að axla þá ábyrgð að annast barnið til frambúðar. Samkvæmt íslenskum lögum um ættleiðingar öðlast hið ættleidda barn (einnig nefnt kjörbarn) sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum og ættmennum þeirra eins og um eigið barn þeirra væri að ræða. Um leið og ættleiðing tekur lagalegt gildi falla samtímis niður lagaleg tengsl barnsins við líffræðilega foreldra og ættmenni þeirra.

Stjúp- og frumættleiðingar

Ættleiðingar skiptast í flokka eftir aðstæðum og eru algengastar stjúpættleiðingar og frumættleiðingar (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005). Með stjúpættleiðingu er átt við ættleiðingu á barni maka umsækjanda en með frumættleiðingu er átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn maka umsækjanda.

Frumættleiðingar flokkast svo aftur í innlendar og erlendar ættleiðingar. Reglur um ættleiðingar eru þó margvíslegar, en í þessari ritgerð verður fjallað um erlendar frumættleiðingar. Frumættleiðingar eru ólíkar stjúpættleiðingum að því leyti að líf barnanna umturnast á afar skömmum tíma. Þau eru flutt úr því umhverfi sem þau hafa alist upp í og kynnast nýrri menningu, siðum, tungumáli og jafnvel loftslagi. Hér á eftir er einungis fjallað um börn sem hafa gengið í gegnum frumættleiðingu á milli landa og verður vísað til þeirra sem ættleidd börn hér á eftir.

Stuðningsnet og ættleiðingarferli

Ættleiðingarferlið er langt ferli og ber þar í mörg horn að líta fyrir foreldra. Strangar reglur gilda um hverjir fá leyfi til ættleiðingar (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005). Margar ástæður geta verið fyrir því að fólk ákveði að ættleiða barn og má nefna barnleysi, mannúðarástæður eða að fyrra barn foreldra sé fatlað (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Margir þeirra foreldra sem ættleiða börn hafa reynt að eignast börn með aðstoð glasafrjóvgunar án árangurs. Nokkuð er einnig um að einhleypar konur hafi ættleitt börn af löngun til að eignast barn. Ættleiðing er kostnaðarsöm og matsferli, námskeið og umsóknir ásamt fleiru tekur langan tíma en algengt er að biðtími sé um eitt og hálf til þrjú ár frá því að sótt er um (Íslensk ættleiðing, e.d.a). Á Íslandi þarf að fá forsamþykki frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu áður en hægt er að senda umsókn til landsins sem ættleiða á frá.

Með umsókn um forsamþykki þurfa að fylgja upplýsingar um heilsufar umsækjenda, læknisvottorð, hjúskaparvottorð ef við á, staðfesting um tíma sambúðar og afrit af skattframtali síðustu tveggja ára (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005). Umsækjendur verða að vera hæfir til að ala upp barn, vera andlega og líkamlega heilsuhraustir. Hjón skulu hafa verið gift í þrjú ár hið minnsta og par í óvígðri sambúð skulu hafa verið í staðfestri samfelldri sambúð í a.m.k. fimm ár. Almenna reglan er sú að umsækjendur skulu ekki vera eldri en 45 ára en þó eru undantekningar á því, t.d. ef mikill munur er á aldri umsækjenda.

Ljóst er að það er gífurlegt magn af upplýsingum sem foreldrar þurfa að kynna sér og læra. Það sem nefnt er hér fyrir ofan er aðeins hluti þeirra skilyrða og vinnu

sem verðandi kjöforeldrar þurfa að takast á við. Oft eru ferlin flókin og ljóst er að stuðningur við verðandi kjöforeldra er afar mikilvægur til að búa fjölskylduna undir þá vinnu sem á eftir fylgir. Stuðningur við foreldra eru mikilvægur til að streita tengd flóknu ættleiðingarferlinu skyggi ekki á þá gleði og góðu stundir sem fylgja í kjölfarið.

Foreldrarnir í rannsókn Elsu Sigríðar Jónsdóttur og Hönnu Ragnarsdóttur (2010) voru sammála um það að sú ákvörðun að ættleiða barn hafi verið ákveðinn léttir og að umsóknarferlið hafi tekið minna á en síði sem fór í að reyna að geta eigið barn.

Félagið Íslensk ættleiðing

Fram til ársins 1978 voru ættleiðingar á Íslandi eingöngu innlendar en með bættum getnaðarvörnum og félagslegum og fjárhagslegum stuðningi við ungar og einstæðar mæður hefur þeim fækkað mjög. Í dag eru örfá börn ættleidd innanlands á Íslandi á hverju ári (Carli og Dalen, 2003). Félagið Íslensk ættleiðing var stofnað árið 1978 undir nafninu Ísland—Kórea en nafninu var breytt í Íslensk ættleiðing 1981 (Íslensk ættleiðing, e.d.b.). Félagið hefur staðið að milligöngu með ættleiðingar erlendis frá 1978 og komið að ættleiðingum um 700 barna (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 25. febrúar 2013). Markmið félagsins eru að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn frá útlöndum með hagsmuni barnins í fyrirrúmi, stuðla að velferð kjörfjölskyldna og vinna að velferðarmálum barna í útlöndum (Íslensk ættleiðing, e.d.b.).

Íslensk ættleiðing hefur á undanförnum árum staðið að fræðslu fyrir kjöforeldra og m.a. gefið út efni um skólagöngu kjörbarna, bæði fyrir foreldra og kennara. Félagið hefur skapað vettvang fyrir fjölskyldur til að hittast og leiðbeinir foreldrum með samskipti við börnin. Til stendur að færa út kvíarnar og skipuleggja enn frekara starf fyrir kjöforeldra og börn til að koma til móts við þarfir þessa stóra og breiða hóps fjölskyldna. Á næstu misserum stendur til að koma á fót stuðningmiðstöð fyrir foreldra og börn eftir ættleiðingu, áður en leikskólaganga barnsins hefst. Þar hefðu börn og foreldrar tækifæri til að koma saman undir handleiðslu fagfólks. Einnig stendur til að miðstöðin geti veitt fræðslu fyrir starfsfólk skólakerfisins auk annarra sem koma að málefnum þessara fjölskyldna (Íslensk ættleiðing, 2012).

Undanfarin 10 ár hafa flest börn verið ættleidd til Íslands frá Kína en ættleiðingar þaðan hófust 2002 og hafa rúmlega 150 börn þaðan, flest stúlkur, eignast íslenskar fjölskyldur miðað við tölur frá 2011 (Hagstofa Íslands, 2013b.).

Uppruni og tengslamyndun

Börn sem hafa verið ættleidd hafa mörg hver búið við bágars aðstæður í upprunalandi sínu fyrir ættleiðinguna (Dambach, 2009). Erfitt getur verið að áætla nákvæmlega hvernig líf barns hefur verið fram að ættleiðingu. Ástæður fyrir því að barnið hefur verið fært til ættleiðingar geta verið margvíslegar en þær helstu eru fátækt foreldra, aðstæður í heimalandinu; t.d. stefna stjórnavalda í Kína um að foreldrar eigi bara eitt barn, ungar aldur móður, vanræksla, dauði eða veikindi foreldra. Misjafnt er eftir löndum hvernig sýn samfélagsins á fjölskyldur eru og þ.a.l. gæði þjónustu og stuðnings frá stjórnvöldum misjöfn. Einhver barnanna hafa alist upp á barnaheimilum eða öðrum stofnunum þar sem mörg börn eru saman komin og fáir fullorðnir til að sinna grunnþörfum þeirra. Þau sem eiga við heilsufarsleg vandamál að stríða hafa þess að auki eytt miklum hluta lífs síns á sjúkrahúsi eða annars konar heilsustofnun. Oft er lítið vitað um fyrstu daga og vikur barnanna áður en þau koma á stofnanir til vistunar og sama má segja um aðstæður móður á meðgöngu.

Tengslamyndun barns og foreldra

Mörg ættleidd börn hafa varið stórum hluta ævi sinnar á stofnun eða hjá fósturfjölskyldu. Börnin hafa því þegar upplifað missi, jafnvel oftar en einu sinni, og því er mikilvægt fyrir kjörfareldra að koma barninu í skilning um að sambandið við foreldrana sé komið til að vera. Mörg barnanna eru vör um sig í fyrstu því reynslan hefur kennt þeim að ekki sé hægt að treysta á náið samband við umönnunaraðila.

Breski geðlæknirinn og sálfræðingurinn John Bowlby var fyrstur til að skilgreina geðtengsl (e. attachment) sem fyrstu félagslegu tengsl sem barn myndar við umönnunaraðila. Vernd, öryggi og traust umhverfi eru talin vera mikilvægar grundvallarþarfir mannsins og stöðugur uppalandi sem hlúir að líkamlegum og tilfinningalegum þörfum barnsins og veitir því öruggt og áreiðanlegt umhverfi stuðlar að heilbrigðum geðtengslum (Chaffin o.fl., 2006).

Geðtengslaröskun (e. Reactive Attachment Disorder) er skilgreind sem alvarleg röskun á getu barns til að mynda nán geðtengsl við aðra og kemur fram fyrir fimm ára aldur. Geðtengslaröskun hjá börnum er rakin til skorts á örvun á fyrsta hluta æviskeiðs; barnið hefur ekki fengið tilfinningalegum og líkamlegum þörfum sínum fullnægt frá umönnunaraðila eða/og skipt oft um umönnunaraðila sem kemur í veg fyrir að barnið myndi náið samband (Hornor, 2008). Borið hefur á því að ættleidd börn eigi erfitt með að mynda traust geðtengsl við kjörfareldra sína og aðra sem annast þau og má rekja það til aðstæðna barnanna fyrir ættleiðingu, þó að barn þjáist af geðtengslaröskun þýðir það þó ekki að barnið hafi sætt illri meðferð eða vanrækslu.

Börn sem þjást af geðtengslaröskun eiga það til að vera stanslaust á varðbergi gagnvart öðrum, sýna vantraust, halda stanslaust aftur af sér eða svara á mótsagnarkenndan hátt í samskiptum við aðra (Hornor, 2008). Þau streitast á móti eða forðast hlýju í samskiptum eða halda sig til hlés og fylgjast með í fjarska. Barnið virðist eiga í erfiðleikum eða ófært um að mynda tengsl við aðra, þessi gerð geðtengslaröskunar kallast *hamlandi* geðtengslaröskun. *Óhamlandi* geðtengslaröskun lýsir sér alveg öfugt; barnið veitir öllum athygli, sýnir enga varúð í samskiptum við aðra og virðist ekki gera greinarmun á ókunnugum og foreldrum sínum. Þessi börn virðast mynda geðtengsl við hvern sem er.

Með tilliti til alvarleika þessarar tegund röskunar er óhætt að segja að hér sé um að ræða áhættuþátt sem taka ætti sérstakt tillit til á meðan á leikskólagöngu barnsins stendur.

Leikskólinn og námsumhverfi

Langflest íslensk börn eyða flestum vöku stundum yfir daginn á leikskólanum. Um 80% íslenskra barna á aldrinum eins til fimm ára eru meira en sex klukkustundir á leikskólanum á degi hverjum (Hagstofa Íslands, 2013c, 2013d). Í ljósi þess er mikilvægt að leikskólinn sé í stakk búinn til að mæta þörfum barnanna og undanfarin ár hefur verið mikil umræða um hugtakið *leikskóli fyrir alla* eða *leikskóli án aðgreiningar* sem gerir ráð fyrir því að börnunum sé mætt útfrá þörfum hvers og eins. Mikið hefur verið fjallað um málefni fatlaðra barna og barna af erlendum

uppruna á leikskólunum en minna hefur farið fyrir umræðu um þarfir ættleiddra barna. Ættleidd börn ganga í leikskóla eins og önnur börn og er mikilvægt að leikskólakennarar og annað starfsfólk geri sér grein fyrir því að aðstæður þeirra geti að einhverju leyti verið ólíkar öðrum börnum. Það er því mikilvægt að huga vel að hverju barni og vera vakandi fyrir líðan þess og stöðu.

Lög um leikskóla (nr. 90/2008) eru skýr; þar skal velferð og hagur barnanna hafður að leiðarljósi í öllu því starfi sem þar fer fram. Börnum skal veita umönnun og menntun, uppeldisumhverfi skal vera hvetjandi og náms- og leikskilyrði skulu vera örugg fyrir börnin. Nám fer fram í gegnum leik og skapandi starf og uppeldiskostir skulu vera fjölbreyttir. Umburðarlyndi, kærleikur, umhyggja, jafnrétti og virðing eru þættir í starfsháttum leikskóla.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskólanum skulu vera að fylgjast með og efla alhliða þroska barnsins í samvinnu við foreldra, veita skipulega málörvun, að börnunum sé sinnt andlega, vitsmunalega og líkamlega í samæmi við þarfir hvers og eins. (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Einnig að stuðla að víðsýni barnanna og efla siðferðisvitund, búa börnin undir að verða virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi og að rækta hæfileika þeirra til tjáningar til að styrkja sjálfsmýnd þeirra, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Það er ljóst að leikskólinn og það umhverfi sem hann skal bjóða upp á til náms barnanna lítur ekki eingöngu til þroska einstaklingsins heldur barnahópsins í heild sinni. Leikskólinn þarf því að taka mið af þörfum allra einstaklinganna í hópnum og styðja börnin í að þróa sjálfsmýnd sína og öryggi, m.a. með því að halda í heiðri uppruna hvers og eins.

Samstarf leikskóla og foreldra

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) eru foreldrar mikilvægur þáttur. Þar segir m.a. að leikskólar annist uppeldi, umönnun og menntun barna að ósk foreldra, fylgist með og efla alhliða þroska barnanna í náinni samvinnu við foreldra. Velferð barnanna sé markmiðið með nánu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskólanna.

Foreldrar þekkja börnin sína manna best og hefur því verið fleygt að þeir séu sérfræðingar í sínum börnum en það á einkar vel við þegar fjallað er um ættleidd

börn. Vegna skorts á efni og fræðslu þurfa foreldrar oft að axla þá ábyrgð að kynna leikskólakennara sérstaklega fyrir sérstöðu barns þeirra. Þá er mikilvægt að samskipti milli leikskólans og foreldra séu góð og opin, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að skortur á fræðslu getur leytt til þess að leikskólakennrar átti sig ekki alltaf á hvaða spurninga þurfi að spryja.

Í rannsókn Elsa Sigríðar Jónsdóttir og Hönnu Ragnarsdóttur (2010) á högum ættleiddra börna á Íslandi er kemur fram að aðskilnaður foreldra og barna við byrjun leikskólagöngunnar getur verið erfiður. Börnin geta verið mjög háð foreldrum sínum og þurft langan aðlögunartíma í byrjun leikskóladvalarinnar en þegar þau eru orðin örugg í hinu nýja umhverfi gengur leikskóladvölin yfirleitt vel.

Aðlögun barna í leikskólanum

Þegar barn byrjar í leikskóla verða ákveðin tímamót í lífi flestra fjölskyldna. Foreldrar þurfa að leggja ákveðið traust á samfélagið í að taka þátt í uppeldi barna þeirra og eru börnin oft að skilja við foreldra sína í fyrsta sinn (Kristín Dýrfjörð, 2009). Heimur leikskólans er mörgum foreldrum framandi og börn sem ekki hafa vikið frá foreldrum sínum nema í stuttan tíma í senn eru að upplifa nýjar aðstæður í fyrsta skipti. Aðlögunartíminn er mikilvægur og leggur að einhverju leyti grunninn að farsælli skólagöngu barnsins.

Ef litið er á leikskólagönguna frá sjónarhóli ættleiddra barna og foreldra þeirra, hvað er það helsta sem skipt getur sköpum við upphaf hennar? Óhætt er að segja að mörg þeirra eigi erfiða og aðra fortíð en flest börn að baki sem gefur ástæðu til að sérstaklega sé hugað að líðan þeirra. Mikilvægt er að allir sem koma að umönnun barnsins geri sér grein fyrir þeim breytingum sem þau hafa upplifað við ættleiðinguna og hverskonar viðbrigði það getur verið að kynna þau fyrir leikskólanum.

Mörg ættleidd börn eru öryggislaus fyrstu árin og mega ekki líta af foreldrum sínum (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Til að börnin upplifi öryggi hafa foreldrar þeirra allt í föstum skorðum á heimilinu og þau t.d. ekki sett í þössun fyrstu árin. Það eru því mikil viðbrigði fyrir börn sem aldrei hafa verið sett í þössun að fara í leikskóla. Það er því mikilvægt að það sé skýrt frá upphafi að

foreldrar þeirra komi aftur að sækja þau. Meta þarf út frá líðan og hegðun barnsins hvort aðlögun skuli lengd og þá hversu mikið. Í rannsókn Elsu Sigríðar Jónsdóttur og Hönnu Ragnarsdóttir (2010) hafa foreldrar ættleiddra barna skýrt frá því að að börnin þurfi oft langan aðlögunartíma og að foreldrarnir ættu oft erfitt með að sleppa af þeim hendinni.

Í aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) segir að þegar barn byrjar í leikskóla þurfi foreldrar og leikskólinn að hefja samstarf þar sem umhyggja og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi. En þá vaknar spurningin hversu vel hið hefðbundna skipulag hentar ættleiddum börnum og hvort þekking starfsmanna á aðstæðum barnanna sé nægileg.

Aðlögunarform

Á Íslandi hefur tíðkast að nota aðlögun þegar börn hefja leikskólagöngu sína (Kristín Dýrfjörð, 2009) og er það gert með hagsmuni barnsins að leiðarljósi: barnið þarf að læra og átta sig á að þessum nýja og framandi stað sé fólk sem hægt er að treysta og að foreldrar þess komi aftur í lok dags. Í mörg ár hefur aðlögunarferlið verið áþekkt á mörgum leikskólum og byggst á því að viðvera barnsins er lengd frá degi til dags, frá klukkutíma með foreldri fyrsta daginn til fullrar viðveru á síðasta degi aðlögunar. Nokkuð misjafnt er hversu langan tíma leikskólar taka í þetta ferli, en það er oftast ein til tvær vikur og fer eftir aldri barnsins, fyrri reynslu þess af dagvistun og líðan þess. Reikna má með að barnið fái bakslag skömmu eftir aðlögun en mikilvægt er að allir haldi sínu striki og séu foreldrar ó öruggir er líklegt að barnið sé það einnig.

Á undanförnum árum hefur verið að ryðja sér rúms á Íslandi ný tegund aðlögunar sem kallast þáttökuaðlögun og er hún komin frá Reggio Emilia á Ítalíu (Kristín Dýrfjörð, 2009). Hún stendur að öllu jöfnu yfir í þrjá daga og oft eru aðlagaðir stórir hópar barna í einu. Á sumum leikskólum hefst ferlið með heimsókn leikskólakennara á heimili barnsins í þeim tilgangi að hitta barnið og foreldra fyrst á heimavelli og kynnast barninu og foreldranna. Foreldrar barnanna eru með þeim allan tímann og sjá um þau að öllu leyti í þá þrjá daga sem aðlögun stendur yfir. Á fjórða degi kveðja foreldrar börnin og þau eru á leikskólanum allan daginn. Þegar foreldrar taka virkan þátt og eru þáttakendur frá fyrsta degi eru þeir öruggari með skipulagið og það sem fram fer á leikskólanum og hafa séð starfsfólk ið að störfum.

Foreldrar yfirlægja öryggiskennd sína yfir á börnin sem ættu þá að vera vel í stakk búin við að takast á við leikskóladvölinu af eigin rammleik. Í rannsókn Kristínar Dýrfjörð (2009) sem vitnað er í hér á undan kemur fram að leikskólakennurum þyki börnin öruggari eftir þessa tegund aðlögunar og að þau fái sjaldnar bakslag.

Það er hægt að leiða líkur að því að þáttökuaðlögun henti ættleiddum börnum sérstaklega vel en þau hafa oftar en ekki eytt nánast öllum sínum tíma með foreldrum sínum eingöngu frá komunni til Íslands, ólíkt öðrum börnum sem eru oft vanari því að láta aðra en foreldra sína sinna sér, s.s. ömmur og afa eða dagforeldri.

þroski ættleiddra barna

Samanborið við önnur börn má segja að líffræðilegur þroski ættleiddra barna sé að miklu leyti samstíga þeim (Palacios o.fl., 2010). Sýnilegustu þættir sem skilja þau að frá jafnöldrum sínum hafa oftar en ekki rætur að rekja til samskiptaörðugleika og uppeldislegs óöryggis fyrir ættleiðingu. Í rannsókn sem gerð var á 289 börnum sem ættleidd voru víðsvegar að úr heiminum inn í spænskar fjölskyldur var kannað hvernig líkamlegur og andlegur þroski barnanna hafði þróast þremur árum eftir ættleiðingu. Í ljós kom í ljós að þrátt fyrir mikla þroskahömlun við ættleiðingu, þar sem 43.5% voru u.b.b. 7.63 mánuðum á eftir því sem telst eðlilegur vitsmunabroski, þá hafði það hlutfall minnkað niður í 17% af börnunum aðeins þremur árum seinna. Þetta er greinilegt merki um að líkamleg aðlögunarhæfni ættleiddra barna sé góð þrátt fyrir að aðstæður fyrir ættleiðinguna hafi kannski ekki verið ákjósanlegar fyrir þroska þeirra.

Færa má rök fyrir því að tafir í vitsmunabroska ættleiddra barna eigi rætur að rekja til þess umhverfis sem þau dvelja í fyrir ættleiðingu sem oft er frábrugðið því sem ung börn eiga að venjast og talið er ákjósanlegt. Einhæf leikföng og skortur á athygli, örvin og tengslum frá umönnunaraðilum getur verið orsakavaldur.

Niðurstöður úr íslenskri rannsókn á afdrifum barna sem ættleidd hafa verið erlendis frá á Íslandi (Málfríður Lorangi o.fl., 2012) benda til að aldur barnanna við ættleiðingu skipti máli og að ákjósanlegt sé að þau komist í hendur kjörforeldra sinna fyrir 18 mánaða aldur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ættleidd börn séu líklegri til að sýna einkenni geð— og hegðunarvanda en önnur börn og að hár aldur

við ættleiðingu og dvöl þeirra á stofnun fyrir ættleiðingu séu þar áhættuþættir. Rannsakendur benda á að mikilvægt sé að foreldrar og aðrir sem umgangast ættleidd börn séu upplýstir um þessa aukna áhættu og að snemmtæk íhlutun geti bætt stöðu barnanna. Það er því mikilvægt að leikskólakennrarar séu meðvitaðir um þessa sérstöðu ættleiddra barna og séu vakandi fyrir merkjum um hegðunarvanda og geti brugðist við í samstarfi við foreldra barnanna og sérfræðinga.

Málþroski og málörvun

Almennt er talað um að máltökuskeið barna, það tímabil þar sem börn eru hvað næmust fyrir máltöku, sé upp að tólf ára aldri en þar af séu fyrstu þrjú árin mikilvægust. Strax nokkrum dögum eftir fæðingu fer barnið að tengja athafnir foreldra sinna við grátur sinn; þ.e. að foreldrar bregðist við tjáningu þess með fæðugjöf eða atlotum. Barnið lærir að þekkja raddir umönnunaraðila og hljómfall móðurmálsins (Ingibjörg Símonardóttir, 2007). Við tveggja mánaða aldur er talið að börn heyri mun á hljóðunum /b/ og /p/ löngu áður en þau eru fær um að mynda þessi hljóð (Otto, 2010). Tungumál eru byggð upp af mismunandi hljóðum og þau eru ekki jafn mikilvæg í hverju tungumáli fyrir sig. Börn virðast að einhverju leyti hafa meðfædda hæfileika til að gera greinarmun á þessum hljóðum og vita hvaða hljóð þau eiga að tileinka sér fyrir sitt móðurmál. Frægt dæmi um hvernig þjóðir greina hljóð á mismunandi hátt er hvernig margir Japanir sem læra ensku gera ekki greinarmun á /l/ og /r/ — enskumælandi þjóðum oft til mikillar skemmtunar á kostnað lærdómsfúsra Japana.

Máltaka barna virðist annars vegar meðfædd og umhverfisleg hins vegar. Heili ungra barna virðist fyrirfram forritaður fyrir máltöku. Þegar mismunandi svæði í heilanum þroskast eykst málþroski barnsins og hefst þessi þróun strax í móðurkvíði (Otto, 2010). Magn og gæði örvinar af völdum umhverfislegra þátta skiptir miklu máli fyrir málþroska barna og má þess geta að alvarleg vanræksla umönnunaraðila getur valdið því að börnum mistekst svo að segja algjörlega að læra tungumál.

Talið er að fóstur geti greint hljóð frá 25 vikna aldur og við 35 vikur sé heyrn þeirra á við heyrn fullorðinna (Otto, 2010). Undir lok meðgöngunnar má því ætla að barn sé farið að þekkja hljómfall raddar og tungumáls móður sinnar nokkuð vel. Við

fæðingu kjósa börn að hlusta á raddir fólks fram yfir önnur hljóð og fjögurra daga gömul sýna þau merki þess að vilja frekar hlusta á þann sem talar móðurmál þeirra fremur en þá sem tala önnur tungumál. Aðeins þriggja daga gömul sýna þau strax vilja til að hlusta á móður sína frekar en aðrar kvenmannsraddir svo nokkur ljóst þykir að þau heyra og skynja umhverfi sitt í móðurkviði.

Eins til fimm mánaða gömul börn hafa sýnt að þau kjósa frekar að hlusta á efni sem þau heyrðu í móðurkviði en nýtt efni, s.s. lestur á sögum, tónlist o.fl. (Otto, 2010). Auk þess hefur verið sýnt fram á að þau greini milli hljóða og atkvæða. Við átta mánaða aldur eru börn farin að sýna hljóðum í móðurmáli sínu aukna athygli fram yfir hljóð úr öðrum tungumálum sem bendir til þess að þau eru farin að sýna því tungumáli aukna athygli, sem þau koma til með að nota í samskiptum seinna meir.

Börn byrja að hjala við sjö vikur vikna aldur og eru það fyrstu hljóðin sem barnið myndar sem ekki eru ósjálfráð s.s. grátur, hiksti og hnerri. (Otto, 2010). Hjal er myndað aftarlega í munnum og þar sem talfæri þeirra eru enn mjög ófullkomin eru þetta einu hljóðin sem ekki þarfust beitingar á tungu eða tönnum en tunga þeirra er mjög stór hlutfallslega við fæðingu. Hjal er mikilvægt stig í málþoku barna því þau byrja að leika sér að tungu og vörum til að mynda mismunandi hljóð sem eru fyrirrennarar talmáls þeirra. Um sex mánaða aldur fara þau síðan að babbla og nota þá fleiri hluta talfæranna en við hjal þegar þau framkalla varahljóð s.s. /b/. Í fyrstu hljómar babbl allra barna, óháð móðurmáli, en þegar babbl barnsins verður lengra og flóknara er unnt að greina frá hvaða málsvæði móðurmál barnsins tilheyrir og við tíu mánaða aldur er hljómfall babbls barnsins farið að líkjast tali fullorðinna (Otto, 2010).

Við eins árs aldur eru börn farin að tengja orð við merkingu og fljótlega fara þau að mynda eins orða setningar, þ.e. eitt orð sem stendur fyrir heila setningu og eiga þá oftast við um hluti, athafnir, félagsleg samskipti, hreyfingu og daglegar athafnir (Ingibjörg Símonardóttir, 2007). Þegar barnið er átján mánaða er algengt að það noti tveggja orða setningar og orðaforði þess eykst á ógnarhraða og heldur áfram að gera það frameftir aldri. Þessar tveggja orða setningar eru oft

skeytasetningar þar sem þau nota fornafn og sögn til að tákna vilja sinn eða staðhæfingu, t.d. mamma koma . Eins til tveggja ára eru börn með orðaforða upp á 20–170 orð en skilja mun fleiri. Mikill munur getur verið á milli einstaklinga en þau eru að meðaltali að læra tvö ný orð á hverri klukkustund sem þau eru vakandi (Ingibjörg Símonardóttir, 2007; Otto, 2010). Þriggja ára hefur orðaforði þeirra margfaldast, setningar orðnar mun flóknari og fjölbreytni í tali orðin mikil, tilraunir með orð og beygingar eru algengar (Ingibjörg Símonardóttir, 2007).

Ljóst er að fyrstu þrjú æviárin eru mikilvægt tímabil í máltöku barna og af öllu ofantöldu mætti draga þá ályktun að ættleidd börn, sem mörg hver hafa dvalið á stofnunum þar sem örvun er ekki sambærileg heimilum, væru verr stödd í samanburði við jafnaldra þeirra þegar þau byrja á leikskóla. En er það endilega raunin?

Máltaka ættleiddra barna

Tvítyngei hefur verið skilgreint á ýmsa vegu og nota sumir fræðimenn þessa skilgreiningu aðeins um þá sem alist hafa upp við tvö tungumál samtímis frá því áður en þeir urðu þriggja ára gamlir (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Munur er gerður á því hvort bæði málin hafi lærst samtímis, t.d. þegar foreldrar nota sitthvert málið þegar talað er við barnið, eða hvort að annað málið kemur inn eftir að barnið hefur náð ágætum tökum á því fyrra, t.d. börn innflytjenda sem lært hafa móðurmál foreldra sinna þar til skólaganga þess hefst.

Flest ættleidd börn eru ólík tvítyngdum börnum að því leyti að þau alast ekki upp við tvö eða fleiri tungumál samtímis (Scott, Roberts og Glennen, 2011), heldur eru þau byrjuð að læra annað tungumálið þegar þau eru flutt í annað málumhverfi og máltaka á nýju tungumáli hefst. Þau eignast því nýtt móðurmál og hafa ekki stuðninginn sem þau þurfa til að halda áfram að læra fyrra móðurmálið. Þau falla því hvorki undir skilgreininguna á tvítyngi né eintyngi .

Í kaflanum hér á undan er reifað hvernig máltaka barna er fram að því aldurskeiði sem flest þeirra eru ættleidd. Því má ætla að við komuna til landsins séu flest barnanna komin nokkuð vel á veg með máltökuna; hljóðmyndun og orðaforða.

Þau þurfa því að yfirgefa móðurmálið sem þau hafa verið að vinna með frá fæðingu og taka upp nýtt tungumál í nýju umhverfi (Ingibjörg Símonardóttir, 2007).

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á málþroska ættleiddra barna og niðurstöður sýna að aldur barnsins við ættleiðingu hefur áhrif á hversu góðum tökum þau ná á hinu nýja móðurmáli, börn sem eru yngri við ættleiðingu ná alla jafna betri tökum á því en þau sem eldri eru. Rannsóknir Croft o.fl. (2007) á börnum sem dvöldu fyrstu mánuði og ár lífs síns á rúmenskum munaðarleysingjahælum, þar sem aðstæður voru sérsaklega bágbornar með tilliti til þroska barnanna, en voru síðar ættleidd til Bretlands sýna að aldur barnanna við ættleiðingu skiptir máli. Þau börn sem ættleidd voru fyrir sex mánaða aldur sýndu engin merki um seinkaðan málþroska við sex og ellefu ára aldur. Börnin sem ættleidd voru 6 til 42 mánaða voru með töluvert verri tök á ensku við prófanir sex og ellefu ára. Það er áhugavert að enginn mælandi munur var á börnunum sem ættleidd voru eftir sex mánaða aldur fram að 42 mánaða.

Ekki eru allir fræðimenn sammála um áhrif ættleiðingar á málþroska barna þegar komið er í grunnskóla. Áður var talið að ættleidd börn væru í áhættuhóp vegna slakrar málnotkunar og þörf á sérkennslu en aðrar hafa vífengt þessar niðurstöður og sýnt fram á að ættleidd börn hafi ekki verri tök á móðurmálinu en önnur börn (Scott o.fl., 2011). En jafnframt að hópurinn sé fjölbreyttur á sama hátt og jafnaldrar þeirra sem ekki eru ættleiddir. Nýlegar samanburðarrannsóknir benda þó til þess að ættleidd börn séu í aukinni áhættu fyrir seinkuðum málþroska og eru líkurnar meira því eldri sem börnin eru, séu þau ættleidd fyrir tólf mánaða aldur sé áhættan lítil en því eldri sem þau eru aukast líkurnar. Þó er erfitt að segja til um hvaða aðrir þættir hafi áhrif en flest ættleiddra barna hafa alist upp á stofnunum fyrir ættleiðingu og eru aðstæður því ólíkar því að búa inni á heimili .

Ættleidd börn hafa mörg hver misst af fyrstu samskiptum við umönnunaraðila; þegar foreldri svarar babбли þeirra og hvetur þau þannig til tjáskipta, mynda augnsamband við umönnunaraðila við fæðugjöf og talað til þeirra (Ingibjörg Símonardóttir, 2007). Þessi samskipti eru barninu nauðsynleg við þroska málstöðva heilans og fái þau litla eða enga svörun við tilraunum sínum til tjáskipta getur það valdið því að tilraunum þeirra til samskipta fækkar og getur haft letjandi áhrif á

málþroska þeirra. Börn sem hafa dvalið langtínum saman á stofnunum eiga því í mikilli hættu á seinkuðum málþroska en flest þau börn sem ættleidd eru fyrir átján mánaða aldur eru búin að ná honum upp við 36 mánaða aldur.

Barnabækur

Mikilvægur áhrifaþáttur sem auðvelt er að vanmeta eru barnabækur og hlutverk þeirra gagnvart barninu en gildi barnabóka í uppeldi og menntun eru margvísleg. Bækur eru hluti af menningu okkar (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006) og á sama hátt eru barnabækur hluti af menningu barna en í gegnum þær kynnast börn listum, í textagerð, sögugerð, myndlist, ljóðum o.fl. Sögurnar sem þessar bækur segja eru oft hluti af þjóðararfi og menningu hvers lands og má þá nefna að margar íslenskar þjóðsögur hafa öðlast nýtt líf í barnabókum en þær kenna börnum einnig oft mikilvægar lexíur. Þær gegna líka mikilvægu starfi í málörvun barna og eru ómetanlegar í myndun orðaforða og þróunar læsis hjá börnum á leikskólaaldrí.

Fyrstu bækurnar nýtast barninu eru mynda og bendibækur sem lesnar eru fyrir barnið og myndirnar tengdar við orðin (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006). Barnið fer síðan sjálf að benda á myndirnar og gerir tilraunir til að segja orðin. Í þessu ferli verða til mikilvægar samræður á milli barns og foreldris og fram fer mikil málörvun. Orðaforði og málskilningur barnsins aukast og það lærir á samtöl og málleg samskipti. En einnig eru þesar stundir frábær skemmtun og tenging myndast á milli þeirra sem lesa bók saman sem eykur tengslamyndun.

Eftir því sem barnið eldist verða bækurnar meira krefjandi og flóknari en textinn verður meiri og samspil texta og mynda verður meira og nánara (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006). Þetta er mikilvægur þáttur í þróun læsis hjá börnum en táknerfi textans og samspil hans við myndirnar síast inn hjá barninu. Ritmál í bókum er alla jafna ólíkt talmáli og mun fjölbreyttara og eykur það orðaforða barnsins. Þó börnin skilji ekki öll orðin ná þau samhenginu ef textinn er ekki of þungur fyrir þroska barnsins, því er mikilvægt að lesa flókinn textaog gefa barninu færi á að spyrja út í einstaka orð eða setningar. Myndirnar í bókunum sinna einnig oft því hlutverki að útskýra flókin orða eða orðasambönd og því er mikilvægt að myndirnar séu skoðaðar jafnóðum og textinn er lesinn. Það er mikilvægt að halda

áfram að lesa bækur með börnum þó þau séu sjálf orðin læs en sá texti sem þau eru orðin fær um að lesa á eigin spýtur er fyrst um sinn mjög einfaldur og ekki til þess fallinn að auka orðaforða þeirra eða málskilning. Það er því kjörið að lesa flóknari bækur fyrir börnin svo þau haldi áfram að þróa málskilning sinn og orðaforða.

Sögur eru byggðar upp á ákveðinn hátt og lestur bóka er fyrirtaks leið til að barnið þrói með sér skilning á uppbyggingu frásagna, setninga og málsgreina (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006). Að lesa fjölbreyttar bækur fyrir börnin veitir þeim þá tilfiningu sem þau þurfa fyrir málinu og hvernig það er uppbyggt sem þau koma til með að þurfa á að halda þegar þau fara sjálf að fást við ritun. Þau kynnast því hvernig hægt er að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt og gangast það þeim í öllum samskiptum, í leik og starfi. Börn sem hafa gott vald á tungumálinu eiga auðveldara með að tjá hugsanir sínar og skoðanir og það hlýtur að hafa áhrif á lundarfari þeirra. Í hlutverkaleik nýta þau oft þann orðaforða og málþjáningu sem þau hafa úr bókum en hann er að miklu leyti frábrugðinn daglegu tali.

Persónur í barnabókum takast oft á við ýmis konar reynslu og tilfinningar og sýna jákvæða og neikvæða hegðun. Gjörðir þessara persóna gefa oft tilefni til umræðna og auka skilning þeirra á hvers konar hegðun er viðurkennd í okkar samfélagi og gefur þeim fjölbreytta sýn á umheiminn. Þessar persónur eru oft góðar fyrirmyn dir fyrir börnin og geta málefni sem tekin eru fyrir í barnabókum oft hjálpað börnunum í sínu eigin lífi (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006). Þessi þáttur barnabóka hlýtur að koma sérstaklega sterkt inn hjá ættleiddum börnum sem oft vantar fyrirmyn dir eða kveikju að samskiptum um uppruna sinn. Barnabækur sem fjalla um málefni ættleiddra barna ættu því að vera til þess fallnar að auðvelda börnunum að útskýra uppruna sinn fyrir hinum börnunum og ræða ætlleiðingu opinskátt ef fyrirmynnum í barnabókum hefur tekist það á jákvæðan og opinn hátt. Ef viðbrögð annarra í bókunum voru jákvæð ættu þau að geta yfirfært það yfir á sinn félagahóp sem aftur væri jákvæður og opinn fyrir umræðunni hafi leikskólakennrar sett málefnið upp á þann hátt.

Margar erlendar bækur hafa verið skrifaðar fyrir ættleidd börn en hlutfallslega hafi fáar verið þýddar á íslensku miðað við mikilvægi þeirra. Hlutverk þessara bóka er að aðstoða barnið við að orða ættleiðingu sína og tala um hana við félagana. Með

því að hafa bækur um ættleiðingu aðgengilegar og sem hluta af almennum bókakostí leikskóla gefur það börnunum þá mynd að ættleiðing er viðurkennd leið til að búa til fjölskyldur, til jafns við meðgöngu og fæðingu.

Sænski bókaflokkurinn um Pyret inniheldur nú fjórar bækur; *Pyret, Pyret eignast lítinn bróður, Pyret fer til Indlands og Pyret byrjar í skóla*. Í fyrstu bókinni er Pyret á leikskóla þegar upp vakna spurningar hjá félögum hennar um hvers vegna Pyret hefur annan húðlit en foreldrar hennar og í kjölfarið kemur upp löngun hjá henni til að segja frá uppruna sínum (Goyeryd og Eriksson, 2002). Hún fer með myndaalbúm í leikskólann og sýnir hinum börnunum myndir af barnaheimilinu sem hún dvaldi á í Indlandi og fyrstu myndirnar af henni með foreldrum sínum. Hinum börnunum þykir saga hennar spennandi og vilja vita meira um uppruna Pyret.

Þessi bók er vel unnin og myndirnar fallegar og styðja vel við frásögnina. Sagan er trúverðug og líklega hafa mörg ættleidd börn staðið í sömu sporum og Pyret gerði í upphafi hennar. Sagan er til þess fallin að ættleidd börn geti samsamað við Pyret og það getur hjálpað þeim að útskýra sína eigin ættleiðingu. Sagan á fullt erindi til ættleiddra barna og þeirra sem umgangast þau að staðaldri og væri tilvalin sem viðbót í bókasafn allra leikskóla. Sagan er einföld svo lítið mál ætti að vera fyrir kennara að snara henni yfir á íslensku og lesa fyrir börnin.

Aðrar bækur sem vert er að minnast á eru m.a. *Hämta Joel og I Love You Like Crazy Cakes* sem einnig taka fyrir ferðalagið og ferlið sem ættleiðingin er á hátt sem gerir ungu börnum kleift að skilja betur muninn á ættleiðingu annars vegar og meðgöngu og fæðingu hins vegar. *Seeds of Love* tekur á ættleiðingu frá sjónarhorni eldra systkinis og aðskilnað þess frá foreldrum sínum á meðan foreldrarnir ferðast til fjarlægs lands að sækja barn. *Hjartagull* er saga sem þýdd hefur verið á mörg tungumál, meðal annars íslensku (Höjer og Höjer, 2000) og fjallar líkt og hinum ferlið sem ættleiðingin er á jákvæðan og myndrænan hátt.

Umræður og lokaorð

Ljóst er að það er margt sem fara mætti betur þegar kemur að stuðningi við ættleidd börn og aðstandendur þeirra. Í þessari ritgerð hefur verið bent á þá miklu ábyrgð sem lögð er á herðar kjörforeldra bæði hvað varðar ættleiðingarferlið sjálft auk

fræðslu þeirra fyrir leikskóla barnanna. Einn af helstu vanköntum við núverandi ástand skólakerfisins er e.t.v. að engin sérstök aðgerðaráætlun er til staðar til að hjálpa leikskólakennurum að skilja aðstöður, erfiðleika og viðunandi kennsluaðferðir fyrir ættleidd börn samanborið við önnur börn. Þar af leiðandi getur það einnig verið erfitt fyrir leikskólakennara að skilja aðstöðu kjörfareldra og aðstöður fjölskyldnanna eftir ættleiðingu, einmitt þegar mikilvægast er að barnið fái sem bestan stuðning. Börnin eru þó jafn misjöfn og þau eru mörg þó þau eigi margt sameiginlegt og hafa ber í huga að engin ein leið hentar þessum hópi frekar en öðrum.

Þrátt fyrir að aðlögunarhæfni barna sé mikil, þá er greinilegt að vitsmunalegur þroski ættleiddra barna getur verið misjafn í upphafi ættleiðingar. Með auknum skilningi og nánari rannsóknum á hvernig bregðast megi við algengum erfiðleikum við þroska þeirra barna sem eiga erfitt framdráttar má auðvelda fjölskyldum og kennurum þeirra að vinna markvisst að námi þeirra. Rætt var sérstaklega hvernig barnabækur geta sinnt mikilvægu hlutverki í að ýta undir þroska og hjálpa til við að auka skilning milli barnanna, leikskólakennara og foreldra. Leikskólar eiga að búa börnum góð skilyrði og aðstæður hvað varðar nám þeirra og þroska og því er mikilvægt að leikskólar taki mið af þörfum ættleiddra barna og kynnist hverri fjölskyldu fyrir sig og taki mið af þörfum þeirra. Góður og fjölbreyttur bókakostur ætti að vera hluti af námsumhverfi leikskólans og því er brýnt að aukið sé við þann málaflokk er viðkemur ættleiddum börnum.

Heimildaskrá

- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2006). Bók í hönd: Um barnabækur í leikskólastarfi.
Hrafnaping, 3. 19 –32.
- Carli, A. og Dalen, M. (2003). *Kjörfjölskyldan* (Gerður Guðmundsdóttir og Jónína Hafsteinsdóttir, þýðendur). Reykjavík: Íslensk ættleiðing. (Frumútgáfa 1997).
- Chaffin, M., Hanso, R., Saunders, B.E., Nichols, T., Barnett, D., Zeanah, C. (2006). Report of the APSAC Task Force on Attachment Therapy, Reactive Attachment Disorder, and Attachment Problems. *Child Maltreatment* 11(1): 76—89. Sótt 20. janúar 2013 af <http://cmx.sagepub.com/content/11/1/76.full.pdf>
- Croft, C., Beckett, C., Rutter, M., Castle, J., Colvert, E., Groothues, C. (2007). Early adolescent outcomes of institutionally-deprived and non-deprived adoptees. II: Language as a protective factor and a vulnerable outcome. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 48: 31 –44. Sótt 2. mars 2013 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1469-7610.2006.01689.x/full>
- Dambach, M. (2009). *The life of the child before his/her adoption*. Geneva: International Social Service.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101—128). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). „Þungamiðjan í lífinu færðist til”. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 339—370). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmennningarfræðum og Háskólaútgáfan.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2013). Breytingar Alþingis á frumvarpi til fjárlaga 2013. Sótt 14. maí 2013 af <http://www.fjarlog.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/GreinargerdirogRaedur/UmfjollunAlthingis/2013/Kafli6.htm>
- Goyeryd, I. og Eriksson, L.E. (2002). *Pyret*. Malmö: Kipro. (Frumútgáfa 1996).

Hagstofa Íslands. (2013a). Erlendir ríkisborgarar 1950—2013. Sótt 18. maí 2013 af

<http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgarar+1950%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2013b). Adoptions by type of adoption and place of birth

1990—2010. Sótt 28. mars 2013 af
http://statice.is/temp_en/Dialog/varval.asp?ma=MAN07502&ti=Adoptions+by+type+of+adoption+and+place+of+birth+1990-2010++++++&path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/&lang=1&units=Number

Hagstofa Íslands. (2013c). Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru

1998—2010. Sótt 28. mars 2013 af
<http://hagstofa.is/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01001&ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+aldri+barna+og+lengd+vi%F0veru+1998-2010+++&path=../Database/skolamal/IsNemendur/&lang=3&units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2013d). Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841—2013. Sótt 28. mars 2013 af

<http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00101%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni+og+aldri+1841%2D2013++++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Ættleiðing erlendra barna á Íslandi: aðlögun og samskipti í fjölskyldum. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 67—75). Sótt 11. febrúar 2013 af <http://hdl.handle.net/1946/6763>

Hornor, G. (2008). Reactive Attachment Disorder, *Journal of Pediatric Health Care*, 22(4), 234—239, Sótt 14. janúar 2013 af
<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0891524507002696>

Höjer, D. og Höjer, L. (2006). *Hjartagull* (Klara Geirsdóttir, þýðandi). Reykjavík: Skjaldborg.

Ingibjörg Símonardóttir. (2007). Svo læra börn málið...: um málþroska ættleiddra barna. *Talfræðingurinn*, 20(1), 5—7.

Íslensk ættleiðing. (e.d.a). Ættleiðingar. Sótt 14. apríl 2013 af

<http://www.isadopt.is/index.php?p=aettleid>

Íslensk ættleiðing. (e.d.b.). Um félagið. Sótt 2. febrúar 2013 af

<http://www.isadopt.is/index.php?p=felagid>

Íslensk ættleiðing. (2012). Miðstöð þjónustu eftir ættleiðingu. (óútgefið efni).

Kristín Dýrfjörð. (2009). Þáttökuaðlögun: nýtt aðlögunarform í leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 681 –689). Sótt þann 15. febrúar 2013 af <http://hdl.handle.net/1946/7600>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um ættleiðingar nr. 30/1999.

Málfríður Lorangi, Kristín Kristmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Björg Sigríður Hermannsdóttir, Linda Björk Oddsdóttir og Dagbjört B. Sigurðardóttir. (2012). Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá. *Læknablaðið*, 98(1), 19 –23.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla. Reykjavík: Höfundur.

Otto, B. (2010). *Language development in early childhood*. Upper Saddle River, NJ: Pearson.

Palacios, J., Román, M. and Camacho, C. (2011). Growth and development in internationally adopted children: extent and timing of recovery after early adversity. *Child: Care, Health and Development*, 37: 282 –288.

Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.

Scott, K. A., Roberts, J. A. og Glennen, S. (2011). How well do children who are internationally adopted acquire language? A meta-analysis. *Journal of Speech, Language and Hearing Research (Online)*, 54(4), 1153 –1169. Sótt 14. febrúar 2013 af <http://search.proquest.com/docview/896911660?accountid=135943>

Ættleiðing.is. (e.d.). Leikskólinn. Sótt 14. maí 2013 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&task=view&id=50&Itemid=80

